

Ed.

315. Nefndarálit

[147. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir og á að forða því um nokkurra mánaða skeið, að þorskveiðar stöðvist og hraðfrystiiðnaður leggist með öllu niður, er talandi tákni um ófarnað þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið á undanförunum árum. Sú ríkisstjórn, sem hét því í upphafi ferils síns að hafa hemil á verðbólgunni, afnema styrki og uppbætur og tryggja góða afkomu útflutningsatvinnuveganna, stendur nú frammi fyrir þeirri staðreynd, að allt hefur þetta mistekizt. Ekki stafa ófarirnar af erfiðu árferði eða sérstökum áföllum, heldur eingöngu af hinu, að stefnan var háskaleg og röng. Skýringin á því, hversu lengi viðreisnarfleytan hefur getað flotið, er sú, að við höfum nú um hrið búið við eindæma árgæzku. Aflafengurinn, einkum á síldveiðum, hefur verið með ólíkindum, og verð útflutningsafurðanna á erlendum mörkuðum hækkaði stöðugt, allt fram á síðasta ár. Sumar helztu sjávarafurðir okkar hafa á valdatímabili núverandi ríkisstjórnar allt að því tvöfaldast í verði. Og þrátt fyrir nokkra verðlækkun á sjávarafurðum síðastliðið haust er söluverð þeirra hærra en oftast áður og miklu hærra en fyrir sjö árum. En stöðvun verðhækkana og nokkur verðlækkun frá toppverði er útgerð og fiskiðnaði svo þungt í skauti, að grípa þarf til stórfelldra styrkja og uppbóta, eigi ekki allt að reka í strand. Segja þó allir þeir aðilar, sem þessa stuðnings eiga að njóta, að hann sé alls kostar ófullnægjandi og einungis takmörkuð stundarfró. Þannig er að einum mikilvægasta þætti sjávarútvegs búið eftir sjö ára viðreisn. Núverandi ríkisstjórn hefur fengið upp í hendurnar einstætt tækifæri til að treysta og efla undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, sjávarútveg og fiskiðnað. En í stað þess að snúa sér á skipulegan hátt að þessu verkefni var kylfa látin ráða kasti, blind gróðasjónarmið fengu að segja til um það, hvert fjármagnið rann og vinnuaflið leitaði. Hér hefur frelsi auðmagnsins,

lögmál stundar-gróðavonar, fengið að vera einrátt. Vissulega hefur á undanförunum árum miklu fé verið varið til framkvæmda í sjávarútvegi, einkum að því er varðar síldarskip og síldarverksmiðjur, en einnig frystihús og aðrar fiskvinnslustöðvar. En allt hefur þetta verið skipulagslaust og meira undir hendingu komið en skynsamlegri yfirsýn og rökvíslegum ákvörðunum með hliðsjón af almannahag eða þjóðar-nauðsyn.

Afleiðing þessa algera skipulagsleysis er meðal annars sú, að til eru þeir útgerðarstaðir, þar sem fiskvinnslustöðvar eru jafnmargar og bátarnir, sem eiga að afla hráefnisins, og geta þó sumar þessara vinnslustöðva tekið við fiski af mörgum bátum.

En með þessu er ekki sagt nema brot af sögunni um það, hvert aflafé þjóðarinnar hefur leitað á undanförunum árum. Bróðurparturinn af þeim miklu fjármunum, sem sjómenn og verkamenn hafa aflað með hörðu striti og lengri vinnutíma en þekki í nokkru nálægu landi, hefur farið til annars en að byggja upp sjávarútveg og fiskiðnað. Peningarnir hafa fyrst og fremst leitað þangað, sem gróðavonin var talin mest. Verzlun og viðskipti og hvers konar þjónustustörf eru þar fremst á blaði. Hallir kaupsvíslumanna í Reykjavík og öll bankamusterin eru veglegustu minnisvarðar viðreisnarinnar. Ofboðsleg fjölgun þeirra, sem lifa á því að selja náunganum varning af einhverju tagi, er með ólíkindum. Til þessa hefur fjármagnið streymt í þungum og vaxandi straumi. Þúsundir manna hafa bætt í þann hóp, sem stundar verzlun, viðskipti og þjónustustörf af ýmsu tagi, á sama tíma sem fólki í framleiðslu-atvinnuvegunum fækkar, enda eru þeir févana og meira og minna lamaðir, ýmist fyrir afskiptaleysi ríkisvaldsins eða beinar stjórnarvaldaaðgerðir. Á þessum tímum góðæris, sjö veltiárum, hefur togurum í rekstri fækkað úr rúmum 40 skipum í 20 skip og þau fáu, sem eftir eru, í þann veginn að leggja upp laupana. Engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að endurnýja togaraflotann og hagnýta þá miklu tækniþróun, sem orðið hefur á því sviði með öðrum fiskveiðiþjóðum. Tillögum og frumvörpum okkar Alþýðubandalagsmanna um slíka endurnýjun, sem við höfum flutt þing eftir þing, er enginn gaumur gefinn. Þar er talað fyrir daufum eyrum. Vélbátum af minni gerð, skipunum, sem tryggðu vinnslustöðvunum hráefni, hefur fækkað og rekstrargrundvöllur þeirra, sem eftir eru, bókstaflega enginn. Þar er allt að komast eða komið í þrot.

Frumvarp það, sem hér er á ferðinni, markar því miður enga stefnubreytingu. Það er aðeins fátækleg bót á gamalt og slitið fat. Eigi okkur Íslendingum að takast að halda hér uppi góðum lífskjörum og búa við atvinnuöryggi á komandi tímum, verður að taka upp algerlega nýja stefnu gagnvart undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og þá alveg sérstaklega sjávarútvegi og fiskiðnaði. Með skipulegu átaki verður að endurnýja fiskiskipaflotann. Stóraukin hráefnisöflun er eina varanlega lausnin á vanda hraðfrystiðnaðarins.

Meðan engu öðru og haldbetra er til að tjalda en þeim ráðstöfunum, sem lagt er til að gerðar verði með þessu frumvarpi, teljum við Alþýðubandalagsmenn ekki rétt að standa gegn þeim. En við leggjum áherzlu á, að þetta eru einungis bráðabirgðaúrræði, sem hrökkva ákaflega skammt.

Að því er varðar tekjuöflunarleiðir frumvarpsins, lýsum við því yfir, að við teljum fráleitt að skerða hið nauma ríkisframlag til verklegra framkvæmda hins opinbera, jafnt ríkis sem sveitarfélaga. Það er staðreynd, að hlutur opinberra aðila í heildarfjárfestingu hefur farið hlutfallslega minnkandi á undanförunum árum. Aukin fjárfesting í landinu hefur fyrst og fremst verið á vegum einkaaðila. Meðan slík fjárfesting er algerlega ótakmörkuð og skipulagslaus, virðist ekkert réttlæta það, að bráðnauðsynlegar opinberar framkvæmdir séu látnar sitja á hakanum.

Vitað er, að ríkistekjurnar árið 1966 hafa farið um það bil 800 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Enda þótt útgjöld hafi orðið fullum 300 millj. kr. hærra en fjárlög gerðu ráð fyrir, ætti greiðsluafgangur að vera milli 400 og 500 millj. kr. Þessa fjárhæð má því segja að ríkið hafi tekið til sín umfram brýnar þarfir, og er bróður-

hlutinn beint og óbeint frá sjávarútvegi og fiskiðnaði kominn. Við leggjum þess vegna til, að í stað niðurskurðar verklegra framkvæmda um 65 millj. kr. á þessu ári og 20 millj. kr. skerðingar á framlagi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, verði það fé, sem þar um ræðir, tekið af greiðsluafgangi rikissjóðs árið 1966. Í samræmi við þessa afstöðu flytur undirritaður breytingartillögu við 2. gr. frv.

Alþingi, 8. marz 1967.

Gils Guðmundsson.